

Ársreikningur Byggðastofnunar 2012

Ársreikningur Byggðastofnunar fyrir árið 2012, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 1. mars 2013.

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknnum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulagslögum.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap af rekstri stofnunarinnar 152,8 milljónum króna á árinu 2012. Eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi var 2.113,5 milljón króna. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 12,55%. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki segja til um að eigið fé skuli að lágmarki vera 8% af áhættugrunni og uppfyllti stofnunin því ákvæði laga þar um í lok árs 2012.

Alþingi samþykkti í fjárlögum 2012 heimild til að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 2.000 milljónir króna. Af því framlagi voru 1.750 milljónir króna greiddar til stofnunarinnar í janúar 2012 og eftirstöðvarnar í byrjun janúar 2013.

Fyrir Hæstarétti Íslands og Héraðsdómi Norðurlands vestra eru nú rekin tvö mál þar sem tekist er á um lögmati erlendra lána stofnunarinnar. Það er álit Byggðastofnunar og lögmanna hennar að skuldabréf stofnunarinnar séu lán í erlendri mynt en ekki ólögmæt gengislán. Ekki hafa verið færð sérstök varúðarframlög vegna þessara mála. Nánari er getið um þessi mál í skýringu nr. 17 með ársreikningnum.

Helstu niðurstöður úr ársreikningi Byggðastofnunar fyrir árið 2012:

- Tap stofnunarinnar á árinu nam 152,8 milljónum króna en til samanburðar var tapið 2011, 236 milljónir króna.
- Hreinar vaxtatekjur voru jákvæðar um 594 milljónir króna samanborið við 640 milljónir króna hreinar vaxtatekjur á árinu 2011.
- Rekstrartekjur námu 193 milljónir og lækkuðu um 126 milljónir króna sem skýrist aðallega af 155 milljón króna neikvæðum gengismun.
- Almenn rekstrargjöld, styrkir og framlög til atvinnuþróunarfélaga námu 488 milljónum króna.
- Framlög í afskriftarreikning útlána, og matsbreyting hlutafjár nam 445 milljónum en var til samanburðar 711 milljónir króna árið 2011.
- Handbært fé frá rekstri var 639 milljónir króna.
- Endanlega töpuð útlán námu 1.325 milljónum króna.
- Eignir námu 16.738 milljónum króna og hafa lækkað um 912 milljónir króna frá árinu 2011. Þar af voru útlán 13.422 milljónir króna.
- Lántökur námu 14.550 milljónir króna og hafa lækkað um 2.588 milljónir króna frá árinu 2011.
- Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings námu 216 mkr.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki er 12,55% en skal að lágmarki vera 8% af eiginfjárgrunni.

Um ársreikninginn

Í árslok var eiginfjárlutfall 12,55% eins og að ofan greinir. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki segja til um að eigið fé skuli að lágmarki vera 8% af áhættugrunni og uppfyllti stofnunin því ákvæði laga þar um í lok árs 2012.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu adalsteinn@byggdastofnun.is

Lykiltölur úr ársreikningi

	2012	2011	2010	2009	2008
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur					
Vaxtatekjur.....	1.239.328	1.325.644	1.211.531	1.979.323	1.972.204
Vaxtagjöld.....	645.570	685.712	677.608	1.294.718	1.512.583
<i>Hreinar vaxtatekjur.....</i>	<i>593.757</i>	<i>639.933</i>	<i>533.922</i>	<i>684.605</i>	<i>459.621</i>
Rekstrartekjur.....	193.296	319.051	228.635	509.256	1.230.450
<i>Hreinar rekstrartekjur.....</i>	<i>787.054</i>	<i>958.983</i>	<i>762.558</i>	<i>1.193.861</i>	<i>1.690.071</i>
Rekstrargjöld.....	939.827	1.194.695	3.390.472	4.208.477	2.218.055
Hagnaður (-tap) ársins.....	-152.773	-235.712	-2.627.914	-3.014.616	-527.984
Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbr. hlutafjár					
Framl. í afskriftar. útlána og matsbr. hlutaf...	444.940	710.772	2.894.164	3.720.936	1.660.399
Efnahagsreikningur					
	31.12.2012	31.12.2011	31.12.2010	31.12.2009	31.12.2008
Eignir					
Sjóður og kröfur á lánastofnanir.....	2.213.327	2.464.230	1.875.859	2.167.413	2.472.498
Útlán.....	13.421.549	14.214.991	14.063.814	17.763.366	19.703.499
Eignahlutir í félögum.....	763.001	881.276	951.483	1.054.191	1.064.417
Aðrar eignir.....	340.102	89.266	103.318	2.729.331	68.517
Eignir samtals.....	16.737.980	17.649.763	16.994.474	23.714.301	23.308.931
Skuldir og eigið fé					
Lántökur.....	14.549.688	17.137.891	17.229.307	22.438.604	21.661.349
Aðrar skuldir.....	74.769	245.578	263.161	145.778	103.046
Skuldir samtals.....	14.624.458	17.383.468	17.492.468	22.584.382	21.764.395
Eigið fé.....	2.113.522	266.295	-497.993	1.129.921	1.544.537
Skuldir og eigið fé samtals.....	16.737.980	17.649.763	16.994.474	23.714.303	23.308.932
Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings.....	216.398	218.330	220.659	368.282	363.914
Sjóðstreymi					
Handbært fé (-til) frá rekstri.....	638.877	555.887	-1.621.193	522.028	1.018.910
Fjárfestingarhreyfingar.....	617.252	375.980	132.408	-703.979	-3.019.491
Fjármögnunarhreyfingar.....	-1.507.031	-343.495	1.197.231	-123.133	2.573.931
<i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé.....</i>	<i>-250.903</i>	<i>588.371</i>	<i>-291.554</i>	<i>-305.085</i>	<i>573.350</i>
Handbært fé í ársbyrjun.....	2.464.230	1.875.859	2.167.413	2.472.498	1.899.148
Handbært fé í árslok.....	2.213.327	2.464.230	1.875.859	2.167.413	2.472.498
Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði	12,55%	1,34%	-2,40%	4,92%	2,80%